



Reykjavík, 22. nóvember 2021

R21010206

## **Efni: Umsögn fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar um aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2021-2023**

Fjölmeningarráðið fagnar því að unnið sé að nýrri aðgerðaráætlun gegn ofbeldi.

Hlutverk fjölmeningarráðs er að vera borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru innflytjendur.

Í byrjun áætlunarinnar er upptalning á gildandi stefnumótun Reykjavíkurborgar og gott væri hér að bæta við stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd, sem ávarpar málaflokkinn líka og inniheldur mikilvægar ábendingar sem geta gagnast í vinnu gegn ofbeldi jaðarsettra hópa.

Fjölmeningarráð bendir á að mikilvægt er í aðgerðaráætluninni að taka tillit til margfaldrar mismununar eða áhættuþátta varðandi hvers kyns ofbeldi (e. intersectionality).

Einnig væri gott að skerpa á upplýsingagjöf á öðrum tungumálum, þýðingum og túlkun og að skilgreina hvenær hægt er að nýta símatúlkun og hvenær þörf er fyrir túlk á staðnum. Þá er mikilvægt að auka fræðslu um menningarnæmi, til að mæta þörfum fólks af erlendum uppruna, hvort sem um er að ræða þolendur eða gerendur. Hér þarf að finna rétta nálgun til að taka tillit til þess að viðhorf og skilgreining á ofbeldi geta verið mjög mismunandi milli menningarheima. Mikilvægt er að láta fordóma ekki hafa áhrif heldur fái fólk viðeigandi aðstoð og stuðning.

Sérstakar áherslur þarf að leggja á forvarnarstarf. Í því samhengi má nefna að væntanleg er skýrsla um barnavernd og fólk af erlendum uppruna á Íslandi frá lögmannstofunni Réttur um þennan málaflokk.

Kynþáttahyggja og hatursorðræða geta verið birtingarmyndir ofbeldis og mjög mikilvægt er að nefna kynþáttahyggju og útlendingaandúð í samband við hatursorðræðu, móta stefnu um viðbrögð við henni og tryggja fræðslu.

Mikilvægasta almenna ábendingin er að í öllu fræðslustarfi og –efni þarf að leggja áherslu á að auka menningarnæmi starfsfólks í samskiptum við fólk af erlendum uppruna. Menningarnæmi er nauðsynleg til að gera okkur kleift að mæta öllum með virðingu og geta aðlagð þjónustu okkar að fólki með fjölbreyttan bakgrunn.

Ábendingar varðandi einstakar aðgerðir:

#### Aðgerð 12. Upplýsingagjöf á erlendum tungumálum

Hér er mikilvægt að þýða ekki bara efnið sjálft heldur að skoða aðrar hindranir. Mikill munur getur verið á t.d. stöðu kynjajafnréttis eða opinberrar umræðu um kynbundið ofbeldi o.þ.h. milli menningarheima. Einnig þarf að huga að hvernig hægt er að koma upplýsingum á framfæri og notast þar við menningarmiðlara.

Á vettvangi er mjög oft notast við símatúlkun milli íslensku og ensku þegar ekki er hægt að bjóða upp á túlkun á staðnum. Hér er afar mikilvægt að sérþjálfar starfsfólk í vinnu við símatúlkun þar sem það krefst annars konar samtalstækni en í venjulegum samtölum. Á sama tíma þarf að taka tillit til þess að ekki eru að allir vanir faglegri notkun ensku í daglegu starfi. Enska er einnig æ oftast notuð í beinum samtölum við skjólstaðinga og hér mætti huga að auknum stuðningi við starfsfólk sem hefur íslensku að móðurmáli en rannsóknir hjá borginni hafa sýnt að starfsfólk borgarinnar almennt, á það til að ofmeta enskukunnáttuna sína.

#### Aðgerð 14. Meðferð fyrir gerendum

Hér má bæta við að meðferð taki tillit til fólks af erlendum uppruna í hópi gerenda. Umburðarlyndi gagnvart fjölmenningu má aldrei leiða til gerendameðvirkni en vandmeðfarið er að ná samtali við þennan hóp. Leita þarf allra leiða til að styrkja sérstaklega karlmenn af erlendum uppruna með fræðslu og vinna gegn kynbundnu ofbeldi.

#### Aðgerð 15. Fatlað fólk og ofbeldi

Hér má bæta við viðurkenningu og inngildingu innflytjenda með fötlun. Á ráðstefnu Þroskahjálpar árið 2019 kom fram að foreldrar úr röðum innflytjenda mæta mörgum hindrunum sökum menningarmunar, skorts á tengslum, aðgengi að upplýsingum, úrræðum og þjónustu. Einnig virðist sem upplýsingagjöf misfarist og að misskilningur komi reglulega upp í samskiptum við innflytjendafjölskyldur með fatlaðan fjölskyldumeðlim og flækjustig er aukið með því að þjónustuaðilar þurfa oft að reiða sig á túlkþjónustu.

#### Aðgerð 33. Nordic Safe Cities

Því má bæta við að aðrar borgir á Norðurlöndum hafa sett sér stefnu um anti-rasisma (e. anti-racism). Markmiðið með því að vinna gegn rasisma gefur borginni kost á að grípa fyrir inn í og jafnvel koma í veg fyrir að fólk hér verði fyrir rasisma og mismunun.